



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

NORÐURSLÓÐIR Í FRAKKLANDSHEIMSÓKN

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson flutti í morgun fyrirlestur um framtíð Norðurslóða og loftslagsbreytingar við Pierre et Marie Curie háskólann í París. Fyrirlesturinn sóttu sérfræðingar, vísindamenn og stúdentar auk sérstaks sendimanns Frakklandsforseta í málefnum heimskautasvæðanna, Michel Rocard, sem einnig flutti ávarp.

Í fyrirlestrinum rakti forseti hvernig alþjóðlegur áhugi á Norðurslóðum hefði vaxið á undanförunum árum. Ríki í Evrópu og Asíu sæktust eftir aðild að Norðurskautsráðinu og vísindamenn víða að stunduðu rannsóknir á bráðnun íss og jökla. Lýsti forseti heimsókn kínverska vísindaleiðangursins sem kom á Snædrekanum til Íslands síðastliðið sumar, viðvörunum kínversku vísindamannanna um að hröð bráðnun hafíss á Norðurslóðum myndi leiða til veðurhamfara í Kína og víðar um heim eins og komið hefðu fram nú í vetur; aftakaveður og frosthörkur hefðu valdið gífurlegu tjóni í Kína.

Þá ræddi forseti að mikilvægt væri að tengja saman rannsóknir á helstu jöklasvæðum heims – Norðurslóðum, Suðurskautslandinu og Himalajasvæðinu – til að öðlast dýpri skilning á hættunum sem fylgja munu bráðnun íssins. Auk veðurhamfara myndi hröð hækkun sjávarborðs ógna borgum og byggðum um allan heim.

Eftir fyrirlesturinn svaraði forseti fyrirspurnum og var viðstaddur opnun sýningar á ljósmyndum Ragnars Axelssonar (RAX) sem ber heitið Veiðimenn norðursins (Last Days of the Arctic).

Í gær átti forseti fund með Michel Rocard í franska utanríkisráðuneytinu þar sem þessi mál voru rædd ítarlega, m.a. fjallað um þörfina á öflugum, opnum, alþjóðlegum vettvangi þar sem ólíkir aðilar gætu borið saman bækur sínar um þróun Norðurslóða.

Í gær sótti forseti móttöku sem sendiherra Íslands í Frakklandi, Berglind Ásgeirsdóttir, hélt fyrir franska þingmenn og embættismenn, sendiherra erlendra ríkja og Íslendinga búsetta í París og nágrenni.

Fyrirlestur forseta, sem var fluttur á ensku og ber heitið *The New Arctic in our Ice-Dependent World*, má nálgast á heimasíðu embættisins forseti.is þar sem einnig eru myndir frá heimsókninni.

26. febrúar 2013

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).